

Nr. 22 -062 S 044 Svala SH 290**Vélavana**

Skipaskr.nr. 7242
Útgerð: Svanfjörð ehf.
Smíðaður: Samtak, 1990, trefjaplast.
Stærð: 4,86 BT
Mesta lengd: 8,09 m Skráð lengd: 7,65 m
Breidd: 2,68 m Dýpt: 1,46 m
Vél: Yanmar, 116 kW, 2000.
Fjöldi skipverja: 1



Svala@Sæmundur Þórðarson

Gögn:

Gögn RSA
LHG

Lokaskýrsla afgreidd 31. október 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma Jónssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 6. ágúst 2022 var Svala SH á veiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: ANA 1-2 m/s og 12. ágúst 2022 var Svala SH á siglingu í Ísafjarðardjúpi. Veður: SV 9-10 m/s.

Í bæði skiptin bilaði vél bátsins og beðið var um aðstoð við að komast í land. Agla ÁR 79 dró bátinn til hafnar 6. ágúst og 12. ágúst dró björgunarskipið Gísli Jóns bátinn til hafnar í Bolungarvík.

Við rannsókn kom fram:

- Í ljós kom, að endingu, að loft hafði komist inn á eldsneytiskerfi vélarinnar með pakkningu á eldsneytisolúsíu.
- Síuhúsið var af gerðinni Racor.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.